



1. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar fimmtudaginn 22. júní 2006, kl. 12:00

Bæjarráð Blönduóssbæjar kom saman til 1. fundar á kjörtímabilinu 2006 - 2010. á bæjarskrifstofu. Bæjarstjóri, Jóna Fanney Friðriksdóttir setti fund og bauð fundarmenn velkomna til þessa fyrsta fundar bæjarráðs á kjörtímabilinu. Mæting skv. undirskriftum. Mættur er einnig áheyrnarfulltrúi Á-lista, Jón Örn Stefánsson.

1. Kosningar.

a. Kjör formanns bæjarráðs.

Tillaga kom um Héðinn Sigurðsson sem formann bæjarráðs. Samþykkt með tveimur atkvæðum. Einn var á móti.

Tillaga kom um Jón Aðalstein Sæbjörnsson sem formann bæjarráðs. Einn greiddi atkvæði með tillögunni. Tveir voru á móti.

b. Kjör varaformanns bæjarráðs.

Tillaga kom um Jón Aðalstein Sæbjörnsson sem varaformann bæjarráðs. Samþykkt með tveimur atkvæðum. Einn sat hjá.

Að loknum þessum lið tók nýkjörinn formaður, Héðinn Sigurðsson, við fundarstjórn.

2. Erindi vegna Smábæjarleika 2006.

Fram lagt erindi framkvæmdastjóra Smábæjarleika á Blönduósi 2006 þar sem óskað er eftir samvinnu og styrk frá bæjarfélaginu vegna leikanna sem haldnir verða dagana 23. - 25. júní.

Bæjarráð samþykkir erindið samhljóða.

3. Umsókn um afnot af landi.

Óskað er heimild til að girða af land við Hnjúkabyggð og breytingar á bílaplani við Brimslóð 6B. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti en vísar útfærslu erindisins til umfjöllunar í skipulags- og byggingarnefnd.

4. Bréf frá Bændasamtökum Íslands.

Í bréfinu er verið að kynna Bændasamtökin og vekja athygli á mikilvægi búnaðarfélaga í dreifðari byggðum landsins. Lagt fram til kynningar.

5. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Boðað er til 20. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga á Akureyri dagana 27.-29. september 2006. Lagt fram til kynningar.



6. **Erindi frá Blönduóssókn.**
Sótt er um 150 þúsund kr. styrk vegna sumaropnunar Blönduóskirkju. Bæjarráð samþykkir erindið.
7. **Samningur vegna byggðakvóta fiskveiðiárið 2005/2006.**
Lagður fram til kynningar samningur Norðlendings ehf. og Skarfakletts ehf. um veiðar og vinnslu 20 tonna byggðakvóta.
8. **Álitsgerð Lögfræðipjónustunnar vegna afgreiðslu bæjarstjórnar á beitarréttindum.**
Fram lagt til kynningar afrit af bréfi til Guðmundar Eypórssonar frá Lögfræðipjónustunni vegna beitarréttindamála.

Bæjarstjóra falið halda áfram með málið.
9. **Erindi frá Lögmannsstofu Stefáns Ólafssonar.**
Fram lögð beiðni Lögmannsstofunnar vegna kauptilboðs þess efnis að fallist verði á að húseigninni Blöndubýggð 12 verði breytt úr atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði þannig að fyrirvara í kauptilboði húseignarinnar verði fullnægt.

Bæjarráð samþykkir erindið enda samræmist það aðalskipulagi sveitarfélagsins 1993-2016.
10. **Fundargerð aðalfundar Vilko ehf.**
Fundargerðin er frá 16. maí sl. og er lögð fram til kynningar.
11. **Kauptilboð í Brimslóð 10 b og c.**
Tvö gagntilboð bárust í skemmuna:
 - Sveinn M. Sveinsson. Tilboð: 2,3 milljónir kr.
 - Jón Gunnarsson. Tilboð: 2,4 milljónir kr.*Bæjarráð samþykkir tilboð hæstbjóðanda, Jóns Gunnarssonar.*
12. **Önnur mál.**
 - a. **Bréf frá sjávarútvegsráðuneyti.**
Fram lagt bréf frá sjávarútvegsráðuneytinu þar sem gerðar eru athugasemdir við úthlutun 20 tonna byggðakvóta bæjarstjórnar þann 7. júní sl. Fram kemur að úthlutunin er ekki í samræmi við tölulíð 1.a) í reglum sveitarfélagsins. Bent er á að til að uppfylla skilyrði reglugerðar 722/2005 þurfi bæjarstjórn að gera tillögu um nýjar úthlutunarreglur.

Bæjarráð vísar erindinu til afgreiðslu í bæjarstjórn.
 - b. **Fyrirspurn.** *Ágúst Þór Bragason óskar eftir upplýsingum um það hvort fyrirhugaðar séu breytingar á starfsmannahaldi á bæjarskrifstofu.*

Bæjarráð samþykkir að fjalla um málið á næsta fundi bæjarráðs.

Fundargerð upplestin og samþykkt.
Héðinn Sigurðsson (sign.)
Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)
Ágúst Þór Bragason (sign.)

Fundi slitið kl. 13:00
Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)